

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 2 94. ár

Föstudaginn 5. janúar 2001

Laus störf

Embætti skólameistara Menntaskólans við Sund er laust til umsóknar.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunn-skólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra skal skólameistari hafa kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir því að skipað eða sett verði í embættið frá og með 15. febrúar 2001.

Um laun skólameistara fer eftir ákvörðun kjaranefndar, sbr. lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd, með síðari breytingum.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16.00, mánudaginn 22. janúar 2001.

Menntamálaráðuneytinu,
28. desember 2000.

(12716)

Kópavogur.

Laus er til umsóknar staða aðstoðarvarðstjóra við embætti sýslumannsins í Kópavogi.

Umsóknnum skal skilað til sýslumanns, Þorleifs Pálssonar, fyrir 15. janúar 2001. Friðrik Björgvinsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Umsóknnum skal skila á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 28. desember 2000.
Ríkislögreglustjórinn.

(12727)

Stefnur

**Landsbanki Íslands hf.,
kt. 540291-2259,
Austurstræti 11, Reykjavík,**

gjörir kunnugt: Að hann sé knúinn til að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands á hendur Guðlaugi Bessasyni, kt. 211149-2139, með lögheimili að Hábrekku 6, Ólafsvík, en með óþekktan dvalarstað.

Málflutningsumboð: Helgi Teitur Helgason hdl. fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 450.000 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 90/1992, frá gjalddaga 27. október 1999 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Málavextir og málsástæður: Skuld þessi er

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Mislæg gatnamót Hringveggar og Víkurveggar og Reynisvatnsvegur að Reynisvatni, Reykjavík.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 5. janúar til 16. febrúar 2001 á eftirtöldum stöðum: Á Foldasafni Borgar-bókasafns Reykjavíkur við Fjörgyn, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 16. febrúar 2001 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

12732)

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi 3. áfanga Fosslands á Selfossi

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að 3. áfanga Fosslands á Selfossi.

Tillagan gerir ráð fyrir blandaðri íbúðabyggð með eftirfarandi samsetningu:

55 einbýlishúsalóðir, 7 parhúsalóðir með 14 íbúðum, 12 raðhúsalóðir með 47 íbúðum, samtals 74 lóðir með 116 íbúðum. Umrætt íbúðasvæði afmarkast af Sóltúni og Austurmýri í austur, Eyravegi 42-46 í suður, opnu útivistarsvæði vestan Fossveggar í vestur og opnu svæði mót Ölfusá í norðri.

Teikningar og greinargerð mun liggja frammi í ráðhúsi Árborgar frá og með föstudeginum 5. janúar 2001 til og með föstudagsins 2. febrúar 2001.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 16. febrúar 2001 og skal þeim skilað skriflega til bæjarstjóra eða skipulags- og byggingarfulltrúa í ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar, <http://www.selfoss.is> þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfang bardur@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests teljast samþykkja hana.

Selfossi, 28. desember 2000.

Bárður Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

12729)

Tilkynning

um starfsleyfi lífeyrissjóða og breytingar á samþykktum fyrir lífeyrissjóði

Það tilkynnist með vísan til 3. mgr. 25. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, að fjármálaráðuneytið hefur veitt eftirtöldum lífeyrissjóðum starfsleyfi:

Tryggingasjóði lækna, með leyfisbréfi dagsettu 8. desember 2000, skv. 53. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, með leyfisbréfi dagsettu 22. desember 2000, skv. 52., sbr. 54. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Það tilkynnist með vísan til 28. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, að fjármálaráðuneytið hefur staðfest breytingar á samþykktum eftirgreindra lífeyrissjóða:

Eftirlaunasjóði FÍA, dags. 16. nóvember 2000.

Lífeyrissjóði sjómanna, dags. 27. nóvember 2000.

Lífeyrissjóði bænda, dags. 4. desember 2000.

Lífeyrissjóð Rangæinga, dags. 5. desember 2000.

Lífeyrissjóði arkitekta og tækniþræðinga, dags. 5. desember 2000.

Almenna lífeyrissjóði VÍB (ALVÍB), dags. 5. desember 2000.

Lífeyrissjóði Framsýnar, dags. 6. desember 2000.

Sameinaða lífeyrissjóðnum, dags. 12. desember 2000.

Lífeyrissjóði verkfræðinga, dags. 20. desember 2000.

Lífeyrissjóði Hf. Eimskipafélags Íslands, dags. 21. desember 2000.

Fjármálaráðuneytinu,
22. desember 2000.

12687)

Auglýsing um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu

Samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir sumarhús í landi Glammastaða, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu. Á tillögunni er gert ráð fyrir 36 frístundahúsum við Kjarrás í stað 26 húsa, auk lóða fyrir bátaskýli.

Tillagan ásamt byggingar- og skipulagsskilmálum liggur frammi hjá oddvita, Eystra-Miðfelli, frá 5. janúar til 2. febrúar 2001 á venjulegum skrifstofutíma.

Athugasemdum skal skila fyrir 16. febrúar 2001 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

12692)

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi íbúða- og skólasvæðis á Hallormsstað, Austur-Héraði

Með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, gr. 6.2.3. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og ákvörðun bæjarstjórnar Austur-Héraðs þann 20. desember 2000 er deiliskipulag fyrir íbúða- og skólasvæði á Hallormsstað lagt fram til opinberrar kynningar. Svæðið nær yfir skólalóð Hallormsstaðarskóla, íbúðagötuna Fjósakamb og svæði austan hennar, að háspennulínu sem þar er.

Skipulagsuppdrátturinn, ásamt skipulags- og byggingarskilmálum, verður til sýnis í anddyri bæjarskrifstofu Austur-Héraðs fram til 2. febrúar 2001. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna og skal skila athugasemdum skriflega til bæjarskrifstofu Austur-Héraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum, eigi síðar en 16. febrúar 2001.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við skipulagstillöguna innan ofangreinds frests skoðast samþykkur henni.

12697)

Egilsstöðum, 27. desember 2000.
Þórhallur Pálsson forstöðumaður umhverfissviðs.

skv. víxli upphaflega að fjárhæð kr. 450.000, útgefnum 28. júlí 1999 af Styr ehf., samþykktur af Guðlaugi Bessasyni og ábektur af Fiskimjòls-verksmiðju Grundarfjarðar ehf., til greiðslu þann 27. október 1999 í Landsbanka Íslands hf., Snæfellsbæ. Víxillinn var framseldur Landsbanka Íslands hf. af útgefanda Styr ehf. Hefur hann verið í vanskilum frá gjalddaga og hafa innheimtutilraunir bankans engan árangur borið.

Stefndi er samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, með lögheimili að Hábrekku 6, Ólafsvík (Snæfellsbæ), en dvalarstaður hans er óþekktur og á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Áskilinn er réttur til að koma fram með nýjar málsástæður og til öflunar frekari gagna ef varnarástæður stefndu gefa tilefni til, en ekki er talin þörf á töku munnlegra skýrslna í málinu.

Lagarök: Mál þetta er rekið sem víxilmál eftir XVII. kafla laga nr. 91/1991 og annars almennt skv. þeim lögum. Greiðsluskylda stefndu er byggð á víxillögum nr. 93/1933.

Dráttarvaxtakrafan er byggð á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafa um málskostnað og dráttarvexti á hann er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram við þingfestingu máls þessa:

1. Víxil nr. 36859.
2. Ljósrit innheimtubréfs dags. 10. október 2000.
3. Útprentun úr Þjóðskrá.
4. Ljósrit birtingarvottorðs dags. 18. október 2000.
5. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfuna nú þegar til stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Vesturlands, á dómþingi sem haldið verður að Aðalgötu 7, Stykkishólmi, miðvikudaginn 14. febrúar 2001 kl. 13.00 síðdegis, til að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Verði ekki mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði gerðar að fararhæfar.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. desember 2000.
F. h. Helga Teits Helgasonar hdl.,
Hildur K. Friðleifsdóttir lögfr.

(12685

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Tæknibær ehf., kt. 420797-2819, Skipholti 50c, 105 Reykjavík,
Stefndi: Sveinbjörn Sverrisson, kt. 280669-4079, óstaðsettur í hús, 101 Reykjavík

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 34.900, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 34.900, frá 4. ágúst 1999 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðum reikningi stefnanda og er til komin vegna viðskipta stefnda við stefnanda í ágúst 1999, en stefnandi rekur verslun í Reykjavík með tölvum, skrifstofuvélum, sínum og fjar-skiptabúnaði. Um eftirfarandi reikning er að ræða:

Nr.	Útgáfud.	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	4. ágúst 1999	4. ágúst 1999	34.900

Gjalddagi reikningsins er útgáfudagur hans og eindagi 15 dögum síðar. Þar sem reikningurinn var ekki greiddur á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnndi er skv. upplýsingum Þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús, og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfu-réttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Reikning.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 10. ágúst 2000.
5. Útskrift úr Þjóðskrá, dags. 12. desember 2000.
6. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg Reykjavík, þann 22. febrúar 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnanda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. desember 2000.
F. h. stefnanda,
F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.
Hlín Lilja Sigfúsdóttir hdl.

(12686

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Höskuldsson hdl., kt. 031056-2419, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir hönd Ásgeirs Auðunssonar, kt. 200818-3349, Minni-Völlum, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu, fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur í málinu að ógilt verði með dómi skuldabréf nr. 06991, útgefið í Reykjavík til stefnanda af Ríkissjóði Íslands, kt. 540269-6459, hinn 31. janúar 1993 vegna greiðslna fyrir fullvirðisrétt í sauðfjárframleiðslu og förgun bústofns, upphaflega að fjárhæð kr. 157.198. Skuldabréfið átti að endurgreiðast með fjórum jöfnum afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 20. janúar 1994 og bera 5% ársvexti frá 1. janúar 1993. Skuldabréfið er vísitölutryggt miðað við lánskjara-vísitölu, grunnvísitölu 3070 stig.

Málsástæðurog önnur atvik: Stefnandi málsins er kröfuhafi samkvæmt ofangreindu skuldabréfi sem krafist er ógildingar á og hefur hann

verið eigandi þess frá því að bréfið var gefið út. Skuldabréfið er löngu gjaldfallið og var síðasti gjalddagi hinn 20. janúar 1997. Skuldari bréfsins, Ríkissjóður Íslands, hefur ekki greitt af bréfinu. Frumrit skuldabréfsins hefur glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Því er stefnanda nauðsyn á að fá bréfið ógilt með dómi til að unnt sé að fá það greitt.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram frumrit stefnu, skrá yfir framlögð skjöl, ljósrít af skuldabréfinu og Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint skuldabréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 20. febrúar 2001, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða og svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 20. desember 2000.
Friðgeir Björnsson.

(12693

Íslandsbanki-FBA hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, v/útibús nr. 528, Stórhöfða 17, v/Gullinbrú, Reykjavík,

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Pétri Andréssyni, kt. 030360-4869, óstaðsettum í hús, Valgerði O. Hlöðversdóttur, kt. 130762-3019, óstaðsettri í hús, og Ástu E. Kolbeins, kt. 250133-3329, Þrastanesi 14, Garðabæ, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 899.821, ásamt dráttarvöxtum, skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum, frá 15. maí 2000 til greiðsludags auk banka-kostnaðar að fjárhæð kr. 3.055 og málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti að skaðlausu að mati réttarins. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Málflutningsumboð: Ævar Guðmundsson hdl. rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi er skv. skuldabréfi upphaflega að fjárhæð kr. 1.550.000, útg. á Seltjarnarnesi hinn 16. júní 1997 af stefnda Pétri til Íslandsbanka-FBA hf., áður Íslandsbanka hf., og tryggðu með sjálf-skuldarábyrgð stefndu Ástu og Valgerðar og Andrésar Péturssonar sem nú er látinn.

Skuldabréfið átti að greiðast með 10 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti hinn 15. nóvember 1997 og bera 10,85% ársvexti, breytilega í samræmi við vaxtaákvörðun Íslandsbanka hf., nú Íslandsbanka-FBA hf., á hverjum tíma og skyldi höfuðstóll skuldarinnar breytast í hlutfalli við vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu sem var 179,4 við útgáfu bréfsins. Samkvæmt ákvæðum í bréfinu sjálfu bar að greiða vexti eftir á, á sama tíma og afborganir.

Skuldabréfið er gjaldfellt skv. ákvæðum þess vegna vanskila frá 6. gjalddaga þess hinn 15. maí 2000 þá að eftirstöðvum kr. 775.000 auk verðbóta að fjárhæð kr. 78.623, og samningsvaxta að fjárhæð kr. 46.198, frá 15. nóvember 1999 til 15. maí 2000 eða samtals kr. 899.821, sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Íslandsbanki-FBA hf. við Gullinbrú, auðkenndur 528, er eigandi skuldabréfsins, en stefnandi er Íslandsbanki-FBA hf. á Kirkjusandi v/útibús stefnanda við Gullinbrú.

Stefndu Pétur og Valgerður eru skv. upplýs-



Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

Flokkur	Innlausnartímabil	Innlausnarverð* á kr. 10.000,00
1981-1.fl.	25.10.2001 – 25.01.2002	kr. 342.970,20
1989-1.fl.A 2,5 ár	10.01.2001 – 10.01.2002	kr. 29.076,70
1989-2.fl.A 10 ár	15.01.2001 – 15.01.2002	kr. 26.184,40

* Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu
Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Reykjavík, 29. desember 2000

SEÐLABANKI ÍSLANDS

12728)

ingum úr Þjóðskrá ekki með skráð lögheimili, þ.e. eru óstaðsett í hús, og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa á hendur þeim í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 þar sem upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum.

Innheimtutilraunir hafa engan árangur borið.

Lagarök: Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum kröfu- og samningaréttar um efnidir fjárskuldbindinga og er mál þetta tekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um banka-kostnað styðst við 3. og 5. tl. skuldabréfsins. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 25/1987. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 en krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988; stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram máli sínu til sönnunar: skjalaskrá, skuldabréf, greiðsluseðil, afrit innheimtubréfs, gjaldskrá, Lögbirtingablað og vottorð Hagstofu Íslands.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Pétri Andréssyni, kt. 030360-4869, óstaðsettum í hús, Valgerði O. Hlöðversdóttur, kt. 130762-3019, óstaðsettri í hús, og Ástu E. Kolbeins, kt. 250133-3329, Þrastanesi 14, Garðabæ, til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 20. febrúar 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu, við þingfestingu, má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. desember 2000.
F. h. Ævars Guðmundssonar hdl.,
Kristinn Hauksson lögfr.

(12668

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 13. desember 2000, var bú Blómasölunnar, kt. 421193-3049, Heiðmörk 52, Hveragerði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, mánudaginn 12. mars 2001 kl. 10.00 f.h.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 18. desember 2000.
Ólafur Björnsson hrl.,
skiptastjóri.

(12696 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 18. desember 2000, var bú Hringsters ehf., kt. 591196-2279, Heiðarvegi 5, Vestmannaeyjum, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 25. október 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandvegi 48, 900 Vestmannaeyjum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandvegi 48, Vestmannaeyjum, mánudaginn 26. mars 2001 kl. 10.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Vestmannaeyjum, 19. desember 2000.
Jón G. Valgeirsson hdl.

(12701 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 23. nóvember 2000, var bú Jakobínu Eyglóar Friðriksdóttur, kt. 011151-2569, Lauf-ásvegi 34, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 30. maí 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 10, Kópavogi, föstudaginn 9. mars 2001 kl. 10.15. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12401 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 23. nóvember 2000, var bú Krist-
bjargar Sveinsdóttur, kt. 041050-2929, Jórufelli
6, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta og var
undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.
Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 29. ágúst
2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 10, Kópavogi, föstudaginn 9. mars 2001 kl. 10.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12402 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 23. nóvember 2000, var bú Pípulagna
Finnboga Guðmundssonar ehf., kt. 441193-
2709, Engjaseli 83, Reykjavík, tekið til gjald-
þrotaskipta og var undirritaður skipaður skipta-
stjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrota-
skiptin er 7. júní 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 10, Kópavogi, föstudaginn 9. mars 2001 kl. 10.45. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12403 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 23. nóvember 2000, var bú Þorgils
Axelssonar, kt. 141242-4829, Miklubraut 72,
Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta og var
undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.
Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9. ágúst
2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 10, Kópavogi, föstudaginn 9. mars 2001 kl. 11.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12404 b

unni 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-
búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 15.
ágúst 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 10, Kópavogi, föstudaginn 9. mars 2001 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12405 b

Kópavogi, 15. desember 2000.
Eyvindur G. Gunnarsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands
eystra, þann 12. desember 2000, var dánarbú
Sigurvins Sölvasonar, kt. 261206-2699, síðast til
heimilis að Vallholti, Dalvíkurbyggð, er lést 9.
janúar 2000, tekið til opinberra skipta. Undir-
ritaður var skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til arfs, skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Gránufélagsgötu 4, 2. hæð, 600 Akureyri, póst-
hólf 53, 602 Akureyri.

Akureyri, 14. desember 2000.
Hreinn Pálsson hrl.

(12511 b

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-
kveðnum 8. desember 2000, var bú Nasco Bol-
ungarvík hf., kt. 600898-2139, Hafnargötu 80-
96, Bolungarvík, tekið til gjaldþrotaskipta.
Frestdagur við skiptin var 7. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 3. hæð, 400 Ísa-
firði, mánudaginn 12. mars 2001, kl. 13.00.
Verður þá fjallað um skrá yfir lýstar kröfur í
búið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarð-
anir um málefni þess.

Ísafirði, 13. desember 2000.
Tryggvi Guðmundsson hdl.

(12581 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands
eystra, uppkveðnum þann 30. nóvember 2000,
var bú Dalrits ehf., kt. 641199-2069, Goðabraut
3, Dalvík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag
var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-
búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 30.
nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Geislagötu 5, pósthólf 235, 602 Akur-
eyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Geislagötu 5, Akureyri, föstudaginn 30. mars
2001 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síð-
ustu viku fyrir fundinn á skrifstofu skiptastjóra.

Akureyri, 16. desember 2000.
Ólafur Birgir Arnason hrl.

(12597 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum hinn 14. desember 2000, var bú Anco
ehf., kt. 571097-2149, Viðarhöfða 2, Reykjavík,
tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrit-
aður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frest-
dagur við gjaldþrotaskiptin er 5. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til krafna á hendur búinu, eða muna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta-
stjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu
innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu send-
ar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut
18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur, ráðstöfun eigna og réttinda búsins, og taka ákvarðanir um málefni þess verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fimmtudaginn 22. mars 2001, kl. 10.00 árdegis. Kröfuskra mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir fundinn.

(12650 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum hinn 14. desember 2000, var bú
I.C.E.M.A.C. fiskvinnsluvéla ehf., kt. 510992-
2029, Faxaskála 2, Reykjavík, tekið til gjald-
þrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður
skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjald-
þrotaskiptin er 18. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til krafna á hendur búinu, eða muna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta-
stjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu
innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu send-
ar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut
18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur, ráðstöfun eigna og réttinda búsins, og taka ákvarðanir um málefni þess verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fimmtudaginn 22. mars 2001, kl. 10.30 árdegis. Kröfuskra mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir fundinn.

(12651 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum hinn 14. desember 2000, var bú Nytar
ehf., kt. 700398-2429, Grundarstíg 11, Reykjavík,
tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrit-
aður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur
við gjaldþrotaskiptin er 15. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til krafna á hendur búinu, eða muna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta-
stjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu
innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu send-
ar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut
18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur, ráðstöfun eigna og réttinda búsins, og taka ákvarðanir um málefni þess verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fimmtudaginn 22. mars 2001, kl. 11.00 árdegis. Kröfuskra mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir fundinn.

(12652 b

Reykjavík, 19. desember 2000.
F. h. Kristins Hallgrímssonar hrl.,
Sólveig Ágútsdóttir lögfr.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands
eystra, uppkveðnum þann 12. desember 2000,
